

Náttúrustofa Suðurlands
Ægisgötu 2
900 Vestmannaeyjar

6. júní 2019
UST201905-229/P.V.B.
09.05.01

Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi - Stofnvöktun lunda í Dyrhólaey

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Náttúrustofu Suðurlands, dagsett 21. maí 2019, um leyfi til lundarannsókna innan náttúruvættisins Dyrhólaey til ársins 2024.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnatíðindum nr. 101/1978. Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Rannsóknirnar í Dyrhólaey eru hluti af stærra verkefni sem snýr að stofnvöktun lunda á Íslandi. Verið er að kanna viðkomu lundans með IR holumyndavélum. Um er að ræða tvær heimsóknir í byrjun álegu í byrjun júní og seinni hluta ungatímans um miðjan júlí. Um er að ræða 50 rannsóknarholur sem merktar eru með plaströrum með álnúmeraplötum. Eru holurnar heimsóttar árlega. Ganga þarf nokkra tugi metra utan göngustíga til að komast að lundavarpinu. Sótt er um að leyfið gildi til ársins 2024.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur umrætt verkefni líklegt til að valda truflunum á dýralífi til skamms tíma. Vísindalegt gildi verkefnisins vegur á móti neikvæðum áhrifum rannsóknaraðferðarinnar. Ekki er mögulegt að vinna rannsóknina með öðrum hætti og er hún mikilvægur hluti af stofnvöktun lundans hér við land en tegundin hefur átt undir högg að sækja og er skráð á valista Náttúrufræðistofnunar sem tegund í bráðri hættu. Vegna nálægðar rannsóknarsvæðisins við útsýnisstaði ferðamanna á Lágey er líklegt að rannsóknin hafi áhrif á upplifun gesta. Mikilvægt er að rannsóknarmenn taki sér tíma til að útskýra hvað sé í gangi og hagi athugunum með þeim hætti að þær fari fram á tímum þar sem sem fæstir gestir eru á svæðinu til að minnka áhrifin á gesti svæðisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti Náttúrustofu Suðurlands leyfi fyrir rannsóknnum á lunda í Dyrhólaey sbr. lýsingu hér að ofan til loka árs 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær ráðgert er að athuganir fari fram ár hvert og þegar þeim lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnaupplýsingum og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu riski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið, þar með talið reglur um lokun svæðisins.
- Leyfið gildir aðeins fyrir aðila sem koma að rannsókninni.
- Þeir sem koma að rannsókninni skulu vera merktir þeirri stofnun sem þeir vinna fyrir, til dæmis með merktum sýnileikafatnaði og eða öðrum áberandi auðkennum meðan dvalið er utan merktra gönguleiða.
- Afmá skal merkingar við lundaholur á svæðinu þegar stofnvöktuninni er hætt.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Hildur Vésteinsdóttir
Teymisstjóri



Hákon Ásgeirsson
Teymisstjóri